

BSRB tíðindi

September 2001 2. tölublað 14. árgangur



Myndin er tekin við undirritun samstarfssamnings BSRB og Nýja tölvu- og viðskiptaskólans í júní. Á myndinni eru Ögmundur Jónasson formaður BSRB, Kristín Á. Guðmundsdóttir formaður fræðslunefndar BSRB, Jón Vignir Karlsson skólastjóri NTV í Hafnarfirði, Sigurður Pálsson framkvæmdastjóri NTV Kópavogi og Valtýr Pálsson skólastjóri NTV á Selfossi.

Tölvuátaki BSRB ýtt úr vör

„Framtíðin er núna“ er yfirskrift tölvuátaks BSRB. Tölvulæsi skiptir nútímamanninn miklu máli og verður enn nauðsynlegra í framtíðinni. Þess vegna hefur BSRB ákveðið að gera átak í því að efla tölvulæsi félagsmanna sinna með því að bjóða upp á fjölbreytt tölvunám.

Samstarfssamningur var undirritaður við Nýja tölvu- og viðskiptaskólann um miðjan júní eftir að efnt hafði verið til útboðs. Ákveðið var að vera með 100 námskeið veturinn 2001 - 2002 en um 15 manns geta sótt hvert námskeið. Samtals munu því um 1500 manns geta sótt námskeið á vegum Tölvufræðslu BSRB í vetur.

Lögð verður höfuðáhersla á byrj-

endanámskeið og munu nemendur geta tekið próf að loknu námskeiði sem veitir þeim svokallað tölvuökuskírteini, sem er alþjóðlegt skírteini sem vottar kunnáttu þeirra.

Einnig verður boðið upp á önnur námskeið, en í könnuninni komu fram óskir um mjög fjölbreytt námskeið og ljóst að þarfir fólks eru mismunandi. Þannig verður í boði nú fyrir áramót námskeið í tölvubókhalda auk grunnnámskeiðanna, en stefnt er að því að auka fjölbreytnina eftir áramót.

Fyrir þá sem þegar hafa hafa einhverja kunnáttu á tölvur er fjarnám mjög vænlegur kostur, en Tölvufræðsla BSRB býður fólki að taka

grunnnámskeiðin í fjarnámi og eru höfuðstöðvar þess í skólanum á Selfossi. Einnig hefur verið rætt um að bjóða byrjendum upp á fjarnámskennslu en þá færi kennari á staðinn og aðstoðaði nemendur við að hefja námið sem yrði þá í hópavinnu.

Námskeið á landsbyggðinni verða auglýst síðar þegar gengið hefur verið frá samningum við heimamenn um þau. Þegar hefur verið samið við Símenntunarmiðstöð Vesturlands um námskeið á Vesturlandi og er sagt nánar frá þeim í blaðinu.

BSRB leggur metnað í þetta átak og vonast til að það skili árangri.

Gott og virðingarvert framtak

„Ég er mjög ánægður með þetta framtak BSRB og tel það falla allveg að markmiðum launanevndar sem hún setti sér í síðustu samningaviðræðum við starfsmannafélögin um mikilvægi símenntunar. Þessi námskeið sem tölvufræðsla BSRB býður upp á falla vel að ákvæðum í síðustu kjarasamningum, en samkvæmt þeim ber forstöðumönnum stofnana og fyrirtækja sveitarfélaganna að gera símenntunaráætlanir. Stofnanirnar verða að meta forgangsröðina sjálfar, hvað gagnast þeim best, en ég sé ekki annað en að þessi námskeið gætu verið stór þáttur í þessu. Sveitarfélögin hafa verið að setja heilmikið af upplýsingum inn á heimasíður sínar og komið þar upp upplýsingaböndum. Þetta er orðinn stór hluti af innra og yrtra upplýsingastreymi sveitarfélaganna. Til að fólk geti notað þessar upplýsingar þarf það að ráða yfir tölvulæsi. Tölvulæsið er því eitt mikilvægasta tæki nútímamannsins til að afla sér upplýsinga. Við viljum að sem flestir geti nýtt sér þessar upplýsingar. Að hafa aðgang að tölvum og geta nýtt sér þær er grundvallaratriði til að geta fylgt þróuninni. Við höfum átt fund með forystu BSRB þar sem fram kom mjög jákvæð afstaða okkar til þessa framtaks og það stendur til að hvetja sveitarfélögin til að auðvelda fólki þátttöku í þessum námskeiðum. Í stuttu máli sagt þá er hér um mjög gott og virðingarvert framtak að ræða hjá BSRB,“ segir Karl Björnsson formaður launanevndar Sambands íslenskra sveitarfélaga.



Karl Björnsson formaður launanevndar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Eykur tækifæri starfsmanna og stofnana

„Það er afar ánægjulegt að fylgjast með vaxandi áhuga stéttarfélaganna á símenntun starfsmanna. Miklar tæknibreytingar eiga sér nú stað sem hafa áhrif á alla vinnuferla og öll störf. Þess vegna úreldist menntun okkar og starfsþjálfun hraðar en hingað til hefur gilt. Starfsmenn sem sinna ekki símenntun fá minni tækifæri til starfsþróunar en ella og verða undir í samkeppninni um eftirsóknarverðustu störf. Það má reyndar fullyrða að skynsamleg símenntun sé lykill sérhvers manns að atvinnuöryggi. Símenntun starfsmanna er einnig keppikefli framsýnna atvinnurekenda. Reykjavíkurborg hefur í starfsmannastefnu sinni áréttað mikilvægi símenntunar. Þar er bent á að símenntun er sameiginlega á ábyrgð starfsmanns og atvinnurekanda. Reykjavíkurborg hefur í reynd sinnt símenntun starfsmanna vel. En með nýgerðum kjarasamningum við flesta viðsemjendur borgarinnar er markið sett hærra. Samkvæmt þeim á að gera símenntunaráætlun fyrir sérhvern starfsmann. Gott framboð af tölvunámskeiðum mun auka tækifæri starfsmanna og stofnana til að öðlast þá menntun sem framtíðin kallar á öllum til hagsbóta,“ segir Birgir Björn Sigurjónsson formaður samninganevndar Reykjavíkurborgar.



Birgir Björn Sigurjónsson formaður samninganevndar Reykjavíkurborgar.

BSRB SVARAR KALLI TÍMANS

Allir þurfa að geta lesið. Um það deilir enginn. Ólæsmaður rekur sig alls staðar á vegg. Lesefni er nú í síauknum mæli að færast inn í tölvur. Þar fara nú einnig fram samskipti af ýmsu tagi. Upplýsingum og skoðunum er miðlað í tölvum og með tilstyrk netsins getum við fengið aðgang að þekkingu af ýmsu tagi. Tölvuvæddum gagnaböndum hefur verið komið á fót um þekkingu á nánast öllum sviðum mannlífsins og eru þeir óðum að leysa af hólmi uppflöttirit og alfræðibækur. Allt er þetta nú að verða aðgengilegt á netinu og miklu meira til. Á netinu hafa þannig opnast miklir möguleikar. Þar getur fólk leitað í laga- og reglugerðasöfnum, fylgst með fréttamiðlun sem í síauknum mæli er að færast yfir á netið, verið þátttakendur í umræðu um aðskiljanleg efni hér heima og á alþjóðavettvangi og sinnt heimilsbókhaldinu svo eitthvað sé talið.

En til þess að nýta þessa möguleika þarf fólk að kunna á tölvu, vera tölvulæst eins og kallað er. Stjórn BSRB tók ákvörðun um það í upphafi þessa árs að láta ekki sitt eftir liggja í þessu efni. Eftir var til viðamikillar skoðanakönnunar til að finna hver vilji félagsmanna væri og þegar í ljós kom að sá vilji var afdráttarlaus var fræðslunefnd BSRB fallið að hrinda af stokkunum því átaki sem hér er kynnt. Til ráðgjafar var fenginn forstöðumaður Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands, Garðar Gíslason, og leitað hefur verið til menntamálaráðuneytisins um ráðgjöf.

Samningar tókust við Nýja- tölvu og viðskiptaskólan og lofar samstarfið við hann mjög góðu. Ljóst er að starfsmenn skólans ætla að sinna þessu verkefni af fagmennsku og alúð.

Það er von BSRB að þetta sé fyrsta skrefið af mörgum til að efla tölvukunnáttu félagsmanna. Eins og fram kemur í viðtölum við viðsemjendur okkar er ekki aðeins góður skilningur á þessu framtaki heldur einnig beinn stuðningur. Það er ástæða til að taka undir þau orð Geirs H. Haarde fjármálaráðherra að hér er augljóslega um að ræða sameiginlegt hagsmunamál fyrir launafólk og atvinnurekendur. Það er greinilegt af ummælum annarra viðsemjenda einnig að BSRB er að svara kalli tímans.

Ögmundur Jónasson,
form. BSRB

BSRB
ttíndi

Útgefandi BSRB Grettisgötu 89,

Sími: 5258300 Fax: 5258309

Netfang: safi@bsrb.is

Heimasíða: <http://www.bsrb.is>

Ritstjóri: Sigurður Á. Friðbjófssson.

Ábyrgðarmaður: Einar Andrésson, form. ritnefndar.

Ljósmyndir: Ljósmyndastofa BÁRU. Umbrot: Sáfí.

Auglýsingar: Öflun, Sími: 5334440

Prentun: Oddi hf.

BSRB-tíndi eru gefin út í 18.000 eintökum og send öllum BSRB-félögum.

Eftirlaunaþegar og aðrir sem óska eftir að fá blaðið sent hafi samband við skrifstofu BSRB.



MENNTUN ER SKEMMTUN

„VITS ER ÞÖRF ÞEIM ER VÍÐA RATAR“

VIKA SÍMENNTUNAR
3. - 9. september 2001

ÍSLAND OG UMHEIMURINN -
TUNGUMÁL OG TÖLVUKUNNÁTTA

- * Símenntunardagur í fyrirtækjum
- * Málþing
- * Dagskrá á bókasöfnum
- * Fræðsluhátíðir

FJÖLBREYTT DAGSKRÁ UM ALLT LAND:
<http://www.mennt.is/simenntun>

FRANKVÆNDARABÍLAR:

Reykjavík: MENNT, **Borgarnes:** Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi, **Ísafjörður:** Fræðslumiðstöð Vestfjarða, **Sauðárkrúkur:** Farskóli Norðurlands vestra - miðstöð símenntunar, **Egilsstaðir:** Fræðslunet Austurlands, **Selfossi:** Fræðslunet Suðurlands, **Keflavíki:** Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, **Kópaskeri:** Fræðslumiðstöð Þingeyinga, **Akureyri:** Símenntunarmiðstöð Eyjafjarða.



Hreint hagsmunamál fyrir atvinnurekendur og starfsfólk

Rætt við Geir H. Haarde fjármálaráðherra um tölvuátak BSRB

„Ég er mjög hrifinn af því að BSRB skuli hafa tekið þetta frumkvæði, að bjóða félagsmönnum sínum upp á jafn öfluga tölvufræðslu og raun ber vitni. Með þessu er bandalagið að svara mikilli þörf sem er hjá stofnunum ríkisins og öðrum aðilum sem félagsmenn BSRB starfa hjá. Á sama tíma svara þeir ekki síður þörf félagsmanna BSRB, einkum þeirra sem ekki hafa átt kost á að tileinka sér þessa tækni,“ sagði Geir H. Haarde fjármálaráðherra þegar BSRB-tíðindi ræddu við hann um tölvuátak BSRB.

„Þetta áttak er í mínum huga mjög jákvætt fyrir ríkið og stofnanir þess. Ég tel að hér sé um að ræða hreint hagsmunamál fyrir atvinnurekandann því starfskrafturinn verður væntanlega mun hæfari þegar hann hefur farið á þessi námskeið og náð valdi á þessari tækni sem opnar ýmsar gáttir sem fólki eru annars lokaðar.“

Geta stjórnvöld á einhvern hátt komið til móts við starfsmenn sína, t.d. með því að heimila þeim að sækja námskeiðin á vinnutíma án þess að tapa launum?

„Ég get í sjálfu sér ekki gefið nein fyrirmæli um það. Ég tel að menn verði að semja um slíkt við sína yfirmenn í hverju tilfalli. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar að eðlilegt sé að yfirmenn sýni sveigjanleika í þessu máli. Ljóst er þó að þetta verður breytilegt á milli stofnana. Ég hvet hins vegar yfirmenn að koma til móts við starfsmenn enda í flestum tilfellum er hér ekki síður um hagsmunamál stofnunarinnar að ræða en starfsmannsins.“

Samkvæmt könnun sem BSRB lét gera meðal félagsmanna kom í ljós að tölvulæsi opinberra starfsmanna var mjög ábótavant í mörgum tilfellum. Kom sú niðurstaða þér á óvart?

„Í sjálfu sér ekki, en það sem var athyglisverðast við þessa könnun og jafnframt ánægjulegast var hversu mikill áhugi er hjá þessum hópi að ráða bót á þessu. Það sýnir vel nauðsynina á

þessu átaki BSRB og eftir því sem mér skilst er áhuginn meðal þessa hóps mikill á námskeiðunum sem nú hafa verið auglýst. Það staðfestir enn og aftur hversu jákvætt mál þetta er.“

Ríkisstjórnin hefur lagt mikla áherslu á upplýsingasamfélagið og m.a. verið með starfshóp til að vinna að því markmiði. Fellur þetta áttak BSRB ekki vel að því stefnu ríkisstjórnarinnar að efla upplýsingasamfélagið?

„Það er engin spurning um það. Þetta hefur verið meðvituð stefna ríkisstjórnarinnar um áráð og þetta framtak BSRB er náskyld tilgangi átaksins og passar vel að hugmyndinni um að efla upplýsingasamfélagið. Á vegum ríkisstjórnarinnar eru mörg verkefni í gangi varðandi upplýsingasamfélagið og áttak BSRB ætti að auðvelda fleirum að færa sér afraksturinn í nyt.

Tölvulæsi er held ég í dag algjörlega nauðsynlegt verkfæri fyrir fólk og gerir það gjaldgengara á vinnumarkaði. Það er ótrúlega margt sem hægt er að gera með þessari tækni. Sjálfur er ég orðinn mjög latur að lyfta kúlupenna. Ég skrifa nánast allt sem ég get á tölvuna mína. Tölvulæsi kemur þó aldrei í stað venjulegs læsis því til að geta nýtt sér þessa nýju tækni verður að notast við gömlu tæknina. Án almennrar lestrar-kunnáttu geturðu ekki lært á tölvu.“

Símenntun er tiltölulega nýtt hugtak í kjarabaráttunni. Hvernig finnst þér verkalýðshreyfingin, og einkum og sér í lagi ríki og sveitarfélög, hafa staðið sig á því sviði?

„Það hefur átt sér stað mikil viðhorfsbreyting gagnvart starfsmenntun.



Augu æ fleiri eru að opnast fyrir því að menntun lýkur aldrei. Ef fólk ætlar að fylgjast með þróuninni verður það stöðugt að sækja sér nýja menntun. Menn sem halda að þeir hafi lokið sinni menntun í eitt skipti fyrir öll hljóta að staðna. Svo lengi lærir sem lifir stendur einhvers staðar, námi lýkur því aldrei, ekki einu sinni þótt formlegu prófi sé náð.

Ég hef fundið fyrir mjög vaxandi vitund innan verkalýðshreyfingarinnar um mikilvægi símenntunar. Starfsmannafélag ríkisstofnana hefur t.d. um nokkra hríð lagt mikla áherslu á þetta í samningum og sömu sögu er að segja um fleiri viðsemjendur okkar. Sjálfur er ég mjög jákvæður gagnvart þessu og þeirri ótrúlegu breytingu sem átt hefur sér stað gagnvart símenntun. Þetta áttak BSRB mun skila starfsfólkinu miklu varðandi símenntun, enda tölvur orðnar nauðsynleg verkfæri við flest nám.“

Eitthvað að lokum?

„Ég vil bara óska aðstandendum þessa átaks til hamingju og vona að það gangi jafn vel og undirbúningur þess gefur til kynna.“